

Borgarstjórn Reykjavíkur 3. júní 2008

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur 3. júní og gengið til dagskrár. Fyrst er það kosning forseta borgarstjórnar til eins árs og tveggja varaforseta og dreift verður atkvæðaseðlum sem borgarfulltrúar eru beðnir að merkja við. Fyrst er það forseti. Borgarfulltrúar merkja við eitt nafn um forseta borgarstjórnar og svo verða atkvæðaseðlarnir sóttir. Ég vil biðja skrifara að koma hér upp. Þá eru lesin upp þessi atkvæði: Auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, Hanna Birna Kristjánsdóttir, auður seðill, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir og auður seðill. Þetta er ekki alveg rétt. Ég vil biðja borgarfulltrúa um að fá sér sæti og ég ætla að biðja starfsmenn um að dreifa aftur seðlum, það er eins og allir seðlar hafi ekki skilað sér. Ég ætla að biðja menn að sitja við atkvæðagreiðsluna og merkja við eitt nafn og ítrekað er að fyrst göngum við til atkvæða um kosningu forseta borgarstjórnar til eins árs og síðan eru það varaforsetar.

Nú skulum við vona að við séum með réttan fjölda: Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir, auður seðill, auður seðill, auður

Bstj. 3. júní 2008

seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill og auður seðill. Þá hafa allir klárað þessi mál og nú erum við með þessi 15 atkvæða og það eru 8 atkvæði Hanna Birna Kristjánsdóttir og 7 auðir seðlar. Þá skoðast sú sem hér stendur, Hanna Birna Kristjánsdóttir, rétt kjörinn forseti borgarstjórnar til eins árs.

En þá er gengið til kosninga um varaforseta. Fyrst er gengið til atkvæða um 1. varaforseta. Eins og áðan er verið að kjósa til eins árs. Ég vil biðja skrifara um að koma hingað. Það er Dagur B. Eggertsson, Dagur B. Eggertsson, Dagur B. Eggertsson, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, Dagur B. Eggertsson, auður seðill, Dagur B. Eggertsson, Dagur B. Eggertsson, Dagur B. Eggertsson og Dagur B. Eggertsson. Þá hafa atkvæði fallið þannig að Dagur B. Eggertsson fær 8 atkvæði og 7 skila auðu. Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi skoðast þá rétt kjörinn 1. varaforseti borgarstjórnar til eins árs.

Þá er gengið til kosninga um 2. varaforseta borgarstjórnar, einnig til eins árs. Atkvæðaseðlum er dreift. Það er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill, auður seðill. Þá skoðast Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson rétt kjörinn 2. varaforseti borgarstjórnar til eins árs, 8 atkvæði voru greidd Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni og 7 seðlar voru auðir.

Þá er komið að öðrum lið á dagskrá þessa fundar og það er að kjósa sjö borgarráðsfulltrúa til eins árs og sjö til vara. Hér liggur frammi listi og ég les hann upp.

Það er fyrst af FD-lista, aðalmenn:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Gísli Marteinn Baldursson
Kjartan Magnússon

Af X-lista:

Bstj. 3. júní 2008

Dagur B. Eggertsson
Svandís Svavarsdóttir
Óskar Bergsson

Þar sem borist hafa jafnmörg nöfn og kjósa þarf sem aðalmenn í borgarráð til næsta árs þá skoðast þessir aðilar rétt kjörnir.

Þá eru það varamenn sem eru kosnir með sama hætti.

Það er FD-listi:

Ólafur F. Magnússon
Júlíus Vífill Ingvarsson
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Jórunn Frímannsdóttir

Af svokölluðum X-lista:

Margrét Sverrisdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf til vara í borgarráð til eins árs, þá skoðast þessir aðilar rétt kjörnir.

Þá er það kosning tveggja skrifara til eins árs og tveggja til vara. Það eru hér tvö nöfn sem skrifarar til eins árs, Jórunn Frímannsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf þá skoðast þær rétt kjörnir.

Til vara eru einnig tvö nöfn, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Oddný Sturludóttir. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf þá skoðast þær einnig rétt kjörnir til vara sem skrifarar til eins árs.

Þá er það fjórði liður á dagskrá þessa fundar sem er kosning fimm manna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs og fimm til vara. Þar eru með sama hætti bornir upp tveir listar.

Sem aðalmenn af FD-lista:

Kjartan Magnússon

Bstj. 3. júní 2008

Júlíus Vífill Ingvarsson
Ásta Þorleifsdóttir

Af X-lista:

Sigrún Elsa Smáradóttir
Svandís Svavarsdóttir

Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf sem aðalmenn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þá skoðast þessir aðilar rétt kjörnir.

Þá eru það varamenn, af FD-lista:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Gunnar Hólm Hjálmarsson

Af X-lista:

Margrét Sverrisdóttir
Dagur B. Eggertsson

Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf sem varamenn í stjórn Orkuveitunnar til næsta árs þá skoðast þessir aðilar rétt kjörnir.

Þá fer fram formannskjör og varaformannskjör. Eitt nafn sem hefur borist sem formaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og það er Kjartan Magnússon. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn þá skoðast hann rétt kjörinn formaður. Og varaformaður – hér er nafnið Ásta Þorleifsdóttir. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf þá skoðast Ásta Þorleifsdóttir rétt kjörinn varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til eins árs.

Þá er það kosning fimm manna í stjórn Faxaflóahafna sf. til eins árs og fimm til vara og formannskjör. Þar er eins, af FD-lista:

Júlíus Vífill Ingvarsson
Jórunn Frímannsdóttir
Ásta Þorleifsdóttir

Bstj. 3. júní 2008

Af X-lista:

Björk Vilhelmsdóttir
Óskar Bergsson

Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf þá skoðast þessir aðilar rétt kjörnir í stjórn Faxaflóahafna.

Hér eru einnig listar fyrir varamenn, af FD-lista:

Ólafur R. Jónsson
Halldór Guðmundsson
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir

Af X-lista:

Margrét Sverrisdóttir
Oddný Sturludóttir

Það hafa ekki borist fleiri nöfn en kjósa þarf og skoðast þessir aðilar rétt kjörnir varamenn í stjórn Faxaflóahafna.

Það þarf einnig að kjósa formann og hér er eitt nafn, Júlíus Vífill Ingvarsson. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn skoðast hann rétt kjörinn formaður stjórnar Faxaflóahafna.

Þá erum við komin að sjötta lið sem er kosning eins manns í stjórn Sorpu bs. til tveggja ára og eins til vara. Hér eru tvö nöfn, aðalmaður verði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og varamaður verði Gísli Marteinn Baldursson. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf skoðast þeir rétt kjörnir í stjórn Sorpu sem aðalmaður og varamaður.

Þá er það kosning eins fulltrúa í stjórn Strætó bs. til tveggja ára og eins til vara. Hér er nafnið Gísli Marteinn Baldursson sem aðalmaður og sem varamaður er Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Þar sem ekki hafa borist fleiri nöfn en kjósa þarf skoðast þau rétt kjörin í stjórn Strætó bs. til tveggja ára. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson gerir örstutta athugasemd um kosningar.

Bstj. 3. júní 2008

1.-7. mál Kosningar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vildi hér aðeins vekja máls á því í sölum borgarstjórnar sem margoft hefur komið til tals á vettvangi borgarráðs undanfarinn vetur og það er sú staða að Borgarstjórn Reykjavíkur sé aðeins með einn fulltrúa í stjórnnum byggðasamlaga þar sem Reykjavíkurborg greiðir um 70% af kostnaði og ber geysilega mikla ábyrgð. Það hefur verið knúið á um það af hálfu fulltrúa Reykjavíkurborgar, a.m.k. eins og talað hefur verið innan borgarráðs, að minnihlutinn í borgarstjórn fái a.m.k. áheyrnarfulltrúa í þessum stjórnnum og sú krafa er hér ítrekuð. Það er mjög mikilvægt, ekki síst vegna þess að þetta eru í eðli sínu fyrirtæki og út af fyrir sig ekki alltaf æskilegt að minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur sem þarf að gæta hagsmuna borgarbúa í málefnum fyrirtækjanna þurfi að reka sín erindi í gegnum borgarráð með fyrirspurnum þar, heldur á að geta tekið þátt í stjórnarstörfum innan stjórnarinnar og vil ég hnykkja á þessu fyrir hönd minnihlutans, eins og gert hefur verið reglulega í vetur, þannig að þetta mál verði botnað.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur gert stutta athugasemd. Þá gerir stutta athugasemd borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Bstj. 3. júní 2008

1.-7. mál Kosningar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil bara taka undir það sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi hér áðan. Það hefur verið mjög erfitt að ná þessu í gegn. Ég man eftir því þegar ég var að berjast fyrir því sérstaklega að fá áheyrnarfulltrúa í Sorpu þegar við sjálfstæðismenn vorum í minnihluta, þá tókst það með herkjum en til bráðabirgða og það var ekki endurnýjað. Þannig að ég tel að þetta sé sjálfsögð krafa, að langstærsta sveitarfélagið og langstærsti eigandinn að þessum tveimur mikilvægu fyrirtækjum hafi bæði fulltrúa frá meirihluta og minnihluta, áheyrnarfulltrúa þá frá minnihluta. Ég legg til að við tökum höndum saman og búum til eitthvert erindi inn á vettvang væntanlega SSH eða ég átta mig ekki alveg á því hver ákveður þetta. En sennilega þyrfti að gera þetta á aðalfundi viðkomandi félaga. Eins og ég segi, við tökum heilshugar undir þetta og nú er bara að drífa í að reyna að ná þessu í gegn.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd.

Þá er tekinn fyrir áttundi liður á dagskrá þessa fundar sem er ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007; síðari umræða. Jafnhliða er lagður fram 14. liður í fundargerð borgarráðs frá 29. maí sl. þar sem lagt var fram að nýju ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007, ásamt endurskoðunarskýrslu PricewaterhouseCoopers sem er dagsett í maí 2008 og skýrslu fjármálaskrifstofu um reikninga. Þar var einnig lagt fram minnisblað varðandi tekjur af lóðaúthlutunum o.s.frv., það er einnig bókað undir þessum lið. Til máls hæstvirtur borgarstjóri.